



Marmoflor

Vörunr. 5000

Lýsing

Marmoflor (5000) einþátta glært pólýúreþanlakk sem þornar fyrir áhrif rakans í andrúmsloftinu. Lakkið er mjög slitsterkt og hefur mikið vatns- og efnabl. Marmoflor (5000) gefur möguleika á hágljáandi og fallegu málningarkerfi á stein- og trégólf, þar sem krafist er málningar með framúrskarandi slitþol. Lakkið er létt í vinnslu og þornar fljótt.

Notkun

Marmoflor hentar vel á gólf þar sem mjög mikið mæðir á, svo sem bílskúra, lager- og iðnaðarhúsnæði, verkstaði, verslanir o.fl. Lakkið hentar ekki til notkunar utanhúss vegna hættu á gulnun

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Glært	Purrefni: 38 % (rúmmál)
Gljástig: 95	Þynnir: Esterar og arómatar
Pakkningar: 1, 5 og 20 lítra	Áhaldahreinsir: Alcro Specialförtunning
Efnisnotkun: 8-10 m ² /l	Þurrktími: 4 klst
Eðlisþyngd: 1,0 kg/l	Yfirmálun: Lágmark: 6 klst

Undirmálun

Grunnið með þynntu Marmoflor lakki.

Áhöld

Rúlla eða pensill. Hreinsið áhöld strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Nýmálun

Viðargólf: Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. Grunnið með **Marmoflor lakki** (5000) þynntu 50 % með Alcro Specialförtunning.

Steingólf: Steingólf þurfa að vera minnst 4 vikna gömul áður en þau eru máluð. Fjarlægið fitu o.þh. með olíuhreinsum. Laust bundna sementshúð í yfirborði þarf að fjarlægja og er það best gert með saltsýrupvotti eða háþrýstipvotti. Grunnið með einni umferð af **Marmoflor lakki** þynntu 10 % með Alcro Specialförtunning. Málið 2-3 umferðir með **Marmoflor lakki**.

Endurmálun

Prífið með Málningarhreinsi (6208) og skolið vandlega með vatni. Mattslípið gljáandi fleti með sandpappír. Gangið úr skugga um að málningin sem undir er þoli leysiefnin í **Marmoflor lakki**. Málið 1-2 umferðir með **Marmoflor lakki**.

Málun með flögum


Máluð 1 umferð með **Marmoflor lakki**. Stráið flögum í blautt lakkið. Burstið burt laust bundnar flögum eftir 6 klst. Málið 1-2 umferðir með **Marmoflor lakki**.

Athugasemdir

- Hitastig skal vera yfir 5 °C við málun og hátt rakastig flýtir þurki.
- Jafni dreifingu á flögum er best að ná með því að henda þeim hátt í loft upp yfir fletinum.
- Rakastig flatarins skal vera minna en 4 %.

Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.



Inniheldur bútýlasetat og xýlen.

Hættulegt við innöndun og í snertingu við húð. Ertir húð. Varist innöndun gufu/úða. Leitið umsvifalaust lækis eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar. Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.